

Viljayfirlýsing um undirbúning og framkvæmd landskönnunar á mataræði

Embætti landlæknis, Matvælastofnun, Matís og Rannsóknastofa í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala lýsa hér með yfir eindregnum vilja til að hefja undirbúning og framkvæmd nýrrar landskönnunar á mataræði Íslendinga. Um leið er skorað á stjórnvöld að tryggja fjármagn í þennan mikilvæga þátt, bæði til framkvæmdar könnunarinnar sem og til uppbyggingar innviða, til dæmis gagnagrunns um efnainnihald matvæla, sem nauðsynlegir eru fyrir framkvæmd slíkrar könnunar.


Um mikilvægi landskannana á mataræði

- Landskannanir á mataræði eru forsenda þess að hægt sé að fylgjast með þróun mataræðis, neyslu næringarefna, aukefna og aðskotaefna meðal landsmanna, í ólíkum aldurs-, búsetu-, og þjóðfélagshópum. Upplýsingar sem fást úr landskönnun á mataræði eru mikilvægar til að vinna að forvörnum gegn langvinnum sjúkdómum, t.d. sykursýki tegund 2.
- Mataræði er einn af veigamestu áhrifapáttum heilsu en samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um sjúkdómabyrði fyrir Ísland ([Global Burden of Disease](#)) þá er mataræði einn megin áhættuþáttur sjúkdóma hér á landi.
- Niðurstöður landskannana nýtast m.a. við gerð markmiða og áherslna í heilsuefningu og forvörnum á sviði næringar. Það sama á við um áhættumat og áhættukynningu vegna matvælaöryggis og neytendaverndar. Þá má nefna fræðslu og ráðgjöf til stjórnvalda, fyrirtækja og gerð ráðlegginga um mataræði fyrir almenning.
- Undirbúningur landskönnunar á mataræði felur meðal annars í sér uppfærslu á íslenska gagnagrunninum um efnainnihald matvæla (ÍSGEM). ÍSGEM er m.a. nýttur til að taka ákvarðanir um samsetningu máltíða í leikskólum og grunnskólum landsins sem og sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum. ÍSGEM er einnig notaður við útreikninga á upplýsingum um næringargildi við merkingu matvæla, sem nauðsynlegar eru til að neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir um fæðuval sitt.
- Mikilvægt er að vita hver núverandi staða er varðandi mataræði landsmanna, neyslu á næringarefnum, aukefnum og aðskotaefnum. Eins og staðan er í dag þá vantar mikið af gögnum í ÍSGEM og þau gögn sem þó eru til eru komin til ára sinna og innihalda jafnvel ekki upplýsingar um þætti sem gætu skipt máli fyrir lýðheilsu á Íslandi.

Reykjavík 4. desember 2017




Birgir Jakobsson
Landlæknir



Dóra S. Gunnarsdóttir
Forstöðumaður sviðs Neytendaverndar,
Matvælastofnun



Sveinn Margeirsson
Forstjóri Matís



Ingibjörg Gunnarsdóttir
Forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði